

Föstudaginn 21. júní 1940.

Nr. 40/1940. Jón Jónsson

gegn

Gústavi Ólafssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Jónsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 20. september 1940.

Kærumál nr. 5/1940. Friðrik Björnsson, Sigurður Þorsteinsson, Felix Guðmundsson og Guðmundur R. Ólafsson

gegn

Ólafi Þorgrímssyni.

Frávisunarkröfu hrundið í héraði. Staðfesting.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi 2. júlí þ. á., hingað komnu 19. s. m., hafa kærendur skotið til hæstaréttar úrskurði upp-
kveðnum af Birni Þórðarson á bæjarþingi Reykja-
vikur 25. júní þ. á. Hafa þeir krafizt ómerkingar á
úrskurðinum og frávisunar málsins frá héraðsdómi,
og að kærði verði dæmdur til að greiða þeim máls-
kostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.
Af hálfu kærða hefir engin greinargerð um málið
né kröfur borizt hæstarétti.

Hvernig svo sem skilja ber ákvæði 25. og 26. kap.
í svonefndri „Lögbók Góðtemplara“, sem vísað hefir

verið til um dómsvald dómnefnda, er stúkur skipa, þá verður eigi talið, að félagar í stúkunum geti, svo bindandi sé, afsalað sér almennt rétti sínum til þess að leita úrlausnar almennra dómsmála um árásir á mannorð sitt. Ber samkvæmt þessu að staðfesta úrskurðinn að niðurstöðu til.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 25. júní 1940.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar eða dóms 24. þ. m., er höfðað fyrir réttinum af hrm. Ólafi Þorgrímssyni, hér í bæ, gegn dómnefnd Stórstúku Íslands, þeim Friðrik Björnsyni skipstjóra, Sigurði Þorsteinssyni verzlunarmanni, Felix Guðmundssyni verkstjóra og Guðmundi R. Ólafssyni, öllum hér í bænnum, út af ummælum, er birtust í fjölrituðum bæklingi, er nefnist: „Málið: Staðfesting skipulags-skrárinnar“, og stefndir eru taldir útgefendur að. Hefir stefnandi krafizt þess, að ýmis þar greind ummæli verði dæmd dauð og ómerk og stefndum refsað fyrir þau, svo og að þeim verði gert að greiða in solidum allan málskostnað.

Stefndir hafa krafizt þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og stefnanda gert að greiða málskostnað skv. mati réttarins. Hefir þetta atriði verið tekið sérstaklega undir dóm eða úrskurð, áður en málið væri flutt að efni til.

Frávisunarkröfu sína byggja stefndir á því, að þar sem hin umstefndu ummæli hafi komið fram í dómi þeirra í máli, sem stefnandi hafði flutt þar, vegna þess að hann sé meðlimur reglunnar, þá beri, skv. lögum hennar og venju samkvæmt, að útkljá mál þetta af dómstólum I. O. G. T., en ekki af hinum almennu dómstólum ríkisins.

Það er upplýst í flutningi málsins, að rit það, er hin umstefndu ummæli birtust í, muni hafa komizt út fyrir véhönd reglunnar, þar á meðal verið lagt fram í fógetarétti

Reykjavíkur. Hvernig sem lítið yrði á ákvæði laga I. O. G. T. um úrlausn ágreiningsmála sem þessa, innan reglunnar, verður því (svo) að telja, að stefnandi þessa máls eigi rétt á að leita til hinna almennu dómstóla út af meintum ærumeiðandi ummælum stefndu, er þannig hafa horizt út, og verður frávísunarkrafa þeirra því ekki tekin till greina.

Afstaða til greiðslu málskostnaðar verður tekin við væntanlegan efnisdóm í málinu.

Því úrskurðast:

Málið, eins og það liggur fyrir, má flytja að efni til fyrir héraðsdómi.

Föstudaginn 27. september 1940.

Nr.33/1940. Réttvísinn og valdstjórnin

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Birni Guðmundssyni

(Ólafur Þorgrímsson).

Bifreiðaslys.

Dómur hæstaréttar.

Hafi bílar þeir, sem fyrir voru á götunni, byrgt ákærða útsýn, þá hefði hann átt að haga akstri sínum með það fyrir augum, að vegfarendur væru þar í hvarfi, en hafi hann séð austur veginn, hefði hann átt að verða nægilega snemma manns þess var, sem fyrir bíl hans varð, og afstýra slysinu. Hvort sem verið hefir, verður því að telja, að ákærði hafi af gáleysi orðið slyssins valdur. Þetta brot hans varðar við 215. sbr. 2. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 og 6. sbr. 14. gr. laga nr. 70/1931, og þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin varðhald 30 daga.